

Fundur ungmennaráðs 30.09.2015 kl. 20:00

**Mættar:** Hulda María Valgeirsdóttir (HMV), Fríður Finna Sigurðardóttir (FFS), Una Guðlaug Sveinsdóttir (UGS).

**Forföll:** Edda Anika Einarsdóttir, Jón Egill Hafsteinsson, Aníta Rut Gunnarsdóttir, Eva Rós Sveinsdóttir.

### 1. Adventure scouts

- Danskir skátar verða hér á landi að kynna adventure scouting stórleiki, gæti verið spennandi dagskrá fyrir rekkaskáta og eldri.
- Námskeiðið verður 12.-14. október. HMV er í samskiptum við þá.
- Væri gott að hafa tengilið við dagskráráð líka.

### 2. RUS - rödd ungra skáta

- Tímalína:

Kynningarmál: standa yfir allan tímann - tryggja að allir taki helgina frá svo það þarf helst að senda út póstinn (sjá að neðan) í næstu viku, miða við 6. október. Senda svo áminningarpóst þegar nær dregur og vera þess á milli virk á facebook. **Útsendingarplan: póstur 6. október, senda eitthvað út ca. á viku fresti efitr það og síðustu 10 dagana senda frekar aggressíft út á Facebook og snapchat.**

Skráning opnar: 6. október

Ákvörðun varðandi einkenni/viðurkenningar (ef það þarf að panta): 8. október.

Dagskrá og efnislisti tilbúin: 14. október.

Nafnalisti ábyrgðaraðila fyrir dagskrárhlutum/kynningaraðila tilbúinn: 20. október.

Tveimur vikum fyrir: fínþússa útfærslur á dagskrá

Skráningarfrestur: fimmtudagurinn 5. nóvember.

Innkaup: föstudagurinn 6. nóvember.

- Kynningarmál: skoða það að biðja skrifstofuna um að senda út tölvupóst á markhópinn til að kynna viðburðinn sérstaklega. Senda á félagsforingja og skráða rekkaskátaforingja (öðruvísi póstur, leggja áherslu á að þetta sé viðburður sem gæti verið vítamínsprauta fyrir þennan aldur). Hvetja félagsforingja til að bjóða þátttakendum sínum. Senda líka póst á þennan aldurshóp. Biðja Evu Rós um að græja þetta - gera fyrst drög og bera undir ráðið.
- Fyrirkomulag: þurfum að hafa einhvern ramma, útfæra umræður á mismunandi hátt. FFS og UGS setja saman lista yfir tillögur/útfærslur sem ráðið getur svo valið úr/bætt við. Mikilvægt að þetta sé lifandi og forðast fyrirlestra.
- Hugmynd: á viðburðinum - fá sjálfboðaliða til að taka þátt í skipulagningu næsta viðburðar eða jafnvel ungmennabings.

### 3. Önnur mál

- Snapchat: það er til aðgangur skatarnir. Það þarf að ákveða verklagsreglur, spurning hvort það ætti að vera sér snapchat fyrir rekkaskáta? Athuga með að bjóða tengilið Upplýsingaráðs í heimsókn á fund til að ræða þetta nánar. Væri gott að geta opnað þetta um miðjan október.
- Ungir talsmenn - tengiliður Upplýsingaráðs vill athuga hvort meðlimir ungmennaráðs hafi áhuga á að koma að því verkefni.

**Fundi slitið kl. 21:24. Fundargerð ritaði UGS.**